

6. fundur skólanefndar

Mættir:	Arnpór Sigurðsson, Björk Jónsdóttir fulltrúi foreldra, Finnur Beck, Eiríksson formaður, Jóhann Ísak Pétursson fulltrúi kennara, Margrét Friðriksdóttir skólameistari, Metúsalem Björnsson fulltrúi nemenda Sigurður Konráðsson.		
Forfallaðir:	Aðalfulltrúar í skólanefnd Kolbeinn Óttarson Proppé og Þóra Elfa Björnsson boðuðu forföll. Annar varamanna sem boðaðir voru forfall síðustu stundu.		
Staður:	V24		
Tími:	Kl. 13:00-14:00	<u>Dags.: 10. apríl 2014</u>	

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	Flosi Eiríksson, formaður nefndarinnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna.	FE	
1.	Staðan að loknu verkfalli	MF	30 mín
	Skólanefnd MK fagnar því að samningar hafi náðst við kennara og býður þá velkoman til starfa að nýju. Skólameistari dreifði breyttu skóladagatali. Prófum og útskrift dagskóla er frestað um viku, en útskrift kvöldskóla helst óbreytt. Þannig bætist heil samfelld vika við kennslu. Skólameistari greindi einnig frá öðrum aðgerðum og dreifði minnisblaði sem kennarar fengu vegna loka verkfallsins. Mæting nemenda eftir verkfall er góð og skólastarf að komast í eðlilegt horf. Skólanefnd MK hvetur alla hlutaðeigandi til að leggjast á eitt við að vinna upp áhrif verkfallsins.		
2.	Ársskýrsla MK 2013	FE	5 mín

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	Árskýrsla Menntaskólans í Kópavogi fyrir árið 2013 hafði áður borist skólaneftndarmönnum í pósti. Skýrslan er hin vandaðasta og gefur glögga mynd af starfssemi skólans.		
3.	Ársreikningur MK 2013, lokauppgjör frá Fjársýslu ríkisins		
	Fjársýsla ríkisins hefur gengið frá ársreikningi skólans. Skólaneftnd fékk ársreikninginn sendan í tölvupósti. Rekstur skólans á árinu 2013 var rúmur einn milljarður. Halli ársins var rúmar 23 milljónir. Halli hefur verið innan ársins undanfarin þrjú ár en skólinn hefur getað mætt því af uppsöfnuðum tekjum fyrri ára. Skólaneftnd ítrekar að ekki verður lengur við svo búið og leiðréttá verður fjárveitingar til skólans.	FE	5 mín
4.	Foreldrakönnun, nýnema	MF	10 mí
	Skólameistari dreifði niðurstöðum úr könnun meðal foreldra nýnema sem gerð var nú á vorönn. Könnunin var framkvæmd rafrænt meðal foreldra 200 nemenda. Svörun var um 60%. Könnunin sýnir mikla ánægju meðal foreldra. Alltaf má þó gera betur og verða niðurstöður könnunarinnar og ábendingar teknar til nánari athugunar.		
5.	Önnur mál	FE	10 mí
	<ul style="list-style-type: none"> a) Fulltrúi nemenda greindi frá starfssemi Nemendafélags MK. Mikil gróska er í starfinu og hápunkturinn er árshátíð í kvöld. b) Fulltrúi foreldra greindi frá starfi Foreldrafélags MK. Starfið er gott og gefandi. Þátttaka foreldra mætti þó vera almennari og unnið er að því að virkja fleiri foreldra. 		
	Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:00	FE	

Sigurður Konráðsson

ritaði fundargerð

Uppfært fimmtudagur, 10 apríl 2014 13:33